

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. desember 2016
UST201611-200/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar, nýtt ferðaþjónustusvæði í landi Rangár í Köldukinn


Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi 25 ha svæðis í landi Rangár í Köldukinn þar sem áætlað er að reisa smáhýsi fyrir ferðaþjónustu


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar í landi Rangár í Köldukinn þar sem 25 ha svæði er tekið úr landbúnaðarnotum og breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Einnig er óskað umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi sama svæðis.

Áætlað er að reisa 10 smáhýsi, um 30 m² hvert á 25 ha svæði í landi Rangár. Svæðið sem er áætlað fyrir smáhýsin er að mestu ræktuð tún. Að mati Umhverfisstofnunar verða helstu umhverfisáhrif áætlaðrar breytingar sjónræn áhrif. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætluð smáhýsi verði felld að umhverfinu eins og kostur er.

Á ofangreindu svæði sem tekið er fyrir verslun og þjónustu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki tiltekin vistkerfi eða jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri